

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/2001

frá 28. september 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/9/EB frá 20. mars 2000 um togbrautarbúnað til fólksflutninga⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB) í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn:

„1b. **32000 L 0009:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/9/EB frá 20. mars 2000 um togbrautarbúnað til fólksflutninga (Stjtið. EB L 106, 3.5.2000, bls. 21).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 61, 1.3.2001, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 1.3.2001, bls. 180.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 106, 3.5.2000, bls. 21.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/9/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.